

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – fyrri hluti
9. október 2017
kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Prófmönnum er óheimilt að taka með sér prófið, fylgiskjöl og lausnir að loknum fyrri prófdegi.

Verkefni 1 – 60 mín.

Þú ert endurskoðandi félagsins BemEx trygginga hf. Hlutabréf félagsins eru skráð í kauphöll og hefur félagið stundað váttryggingastarfsemi á Íslandi frá 1954. Á fundi þínum með endurskoðunarnefnd félagsins sagðir þú nefndinni frá því að nýir staðlar um áritanir hefðu tekið gildi í desember sl. og áritun þín á ársreikning félagsins yrði nú í samræmi við þessa nýju staðla. Nefndin sýndi þessum breytingum mikin áhuga en lýsti jafnframt áhyggjum sínum yfir því að áritunin yrði ekki lengur stöðluð og endurskoðandinn gæti farið að segja frá viðkvæmum innri málefnum félagsins. Undanfarna mánuði væri t.d. búið að vera vinna að því að styrkja ýmsa eftirlitsþætti sem hefðu ekki verið í lagi og taldi formaður endurskoðunarnefndar það óþægilegt ef endurskoðandi færi að draga fram veikleika í innra eftirliti í þessari nýju áritun.

Í framhaldi af þessum umræðum var ákveðið að þú myndir taka saman minnisblað fyrir endurskoðunarnefndina og greina frá því hvernig þessi nýja áritun væri frábrugðin þeirri áritun sem áður hefur tíðkast og greindir nefndinni frá helstu atriðum nýju áritunarinnar. Í fylgiskjali 1 fylgja lykiltölur úr rekstri BemEx.

Úrlausnarefni:

Taktu saman minnisblað fyrir endurskoðunarnefnd BemEx um nýju áritunina (fyrirvaralaus áritun) sbr. ISA 700 og 701. Eftirfarandi atriði þyrftu a.m.k. að koma fram:

- Í hverju felst breytingin á nýju árituninni og þeirri sem áður hefur tíðkast að nota? Nefnið kosti og galla breytingarinnar.
- Hvaða gagn telur þú að sé af ofangreindri breytingu fyrir lesendur reikningsskila?
- Hver er tilgangur kaflans um lykilatriði/meginatriði endurskoðunarinnar (e. key audit matter)?
- Hvaða atriði myndir þú setja fram í kaflanum um lykilatriði endurskoðunarinnar í nýrri áritun á reikningsskil BemEx? Greinið stuttlega frá helstu atriðum.
- Þarf endurskoðunarnefndin að hafa áhyggjur af því að endurskoðandi greini frá viðkvæmum innri málefnum félagsins með því að ræða ítarlegar en áður niðurstöður endurskoðunarinnar í árituninni?
- Hvaða lykiláhættur (e. significant risk) telur þú að geti almennt legið í reikningsskilum BemEx.
- Tengjast hugtökin lykiláhætta (e. significant risk) og lykilatriði endurskoðunar (e. key audit matter)? Rökstyddu.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 60 mín.

GlobalAudit undirbýr nú endurskoðun á fyrirtækinu AccOrd (AO) hf. AO er hluti af alþjóðlegri keðju sem selur hugbúnað frá stórum hugbúnaðarhúsum. AO innleiddi í febrúar 2017 nýjan viðskiptahugbúnað, Microsoft Skynamics, sem heldur utan um allar helstu stjórnendaupplýsingar félagsins, þar með talið fjárhagsbókhaldið. AO þarf að skila ítarlegum mánaðarskýrslum til móðurfélagsins í Hollandi. Í mánaðarskýrslunum er mikil áhersla lögð á veltu félagsins og sölugreiningar en einnig upplýsingar um innri viðskipti innan samstæðunnar og afstemmingar efnahagsliða. Þessi skýrslugjöf er að verða öflugari og öflugari með hverjum mánuðinum sem líður.

Innleiðingin hefur gengið bæði vel og illa. Stjórnendur eru almennt ánægðir með viðmót kerfisins og hversu fljótt upplýsingar eru komnar inn í kerfið. Söluupplýsingar uppfærast daglega, reikningar eru skannaðir inn (þeir sem ekki berast rafrænt) og eru aðgengilegir stjórnendum til samþykktar daglega. Allir helstu kostnaðarreikningar félagsins fara í gegnum rafrænt samþykktarferli, þar sem tveir stjórnendur samþykkja. Reikningarnir eru svo greiddir í gegnum bókhaldskerfið og því er staða viðskiptaskulda nánast alltaf rétt í kerfinu frá degi til dags. Helstu veikleikar sem hafa komið upp við innleiðinguna eru tengir aðgangsstýringum. Aðgangsstýringar eru nokkuð flóknar þar sem margir starfsmenn þurfa aðgang að kerfinu, m.a. til að samþykkja reikninga. Nokkuð hefur borið á því að starfsmenn nái ekki út þeim skýrslum sem þeir vilja eða geti ekki samþykkt reikninga. Því hefur þurft að opna víðtækari aðgang fyrir ýmsa starfsmenn, víðtækari en upphaflega stóð til. Kerfið hefur ekki heldur verið aðlagð að fullu íslenskum lögum og reglum og því hefur þurft að vinna virðisaukaskattsuppgjör handvirkt.

Þú berð ábyrgð á því að skipuleggja endurskoðun ársreiknings AO fyrir árið 2017. Þessa dagana ert þú að velta fyrir þér hvort og hvernig þessi innleiðing gæti haft áhrif á endurskoðun ársins 2017 og hvaða áhættuþættir gætu tengst þessari innleiðingu. Í teyminu hefur verið rætt að þessu fylgi ekki einungis aukin áhætta í endurskoðun heldur einnig ýmis tækifæri þar sem aðgengi GlobalAudit að öllum gögnum er mjög auðvelt. Teymið hefur aðgang að kerfinu í gegnum „skýið“ og getur þar séð m.a. alla reikninga, rafræna og innskannaða. Fyrmingatöflur, lánatöflur, áætlun félagsins og allar aðrar helstu upplýsingar eru einnig mjög aðgengilegar í kerfinu. Þá er hægt að taka út allar færslur á einfaldan hátt í Excel eða önnur greiningarforrit eins og ACL og Idea.

Í næstu viku verður gengið frá drögum að skipulagningu endurskoðunar og haldinn skipulagningarfundur í teyminu. Fyrir fundinn ert þú beðinn að svara nokkrum spurningum um tækifæri og ógnanir sem þessi innleiðing á nýjum viðskiptahugbúnaði gæti haft á endurskoðun ársins og að greina helstu áhættuþætti sem teymið þarf að bregðast við. Þá er sérstaklega óskað eftir því að þú komir með tillögu að skilvirkum endurskoðunaraðferðum sem meðal annars taka mið af víðtækum aðgangi endurskoðunarteymisins að gögnum til ýmis konar greiningarvinnu.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er eftirfarandi:

- A) Að skilgreina áhættuþætti sem kunna að tengjast innleiðingunni á Microsoft Skynamics og hafa áhrif á endurskoðun ársreiknings AO fyrir rekstrarárið 2017. Greindu frá því hvort þeir teljist vera lykiláhættuþættir (e. significant risk) eða verulegir áhættuþættir (e. risk of material misstatement).
- B) Að greina hvaða endurskoðunaraðgerðir þú telur viðeigandi í tengslum við innleiðingu á nýja kerfinu. Taka þarf sérstaklega fram ef þú telur rétt að kalla til sérfræðing í tölvuendurskoðun og hvað þú myndir óska eftir að fá frá honum.
- C) Að gera drög að endurskoðunarfyrirmælum með tilvísun í staðhæfingar stjórnenda og taka tillit til þeirra atriða sem nefnd hafa verið í a og b – lið verkefnisins.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 55 mín.

Fjármálastjóri Útvegs ehf. hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2016 (fylgiskjal 3). Hann óskar eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattsstofn félagsins.

Félagið var stofnað árið 2014 og hóf þá rekstur.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi félagsins á árinu 2016, sem hann telur að geti haft áhrif á skattútreikninga ársins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum:

Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi.
Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla.
Skattaleg fyrningaskýrsla frá fyrra ári.

1. Skattaleg fyrningaskýrsla í árslok 2015:

	Skip	Vélar og tæki
Keypt á árinu 2014	1.341.000.000	85.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.2015	(268.200.000)	(25.500.000)
Skattalegt bókfært verð 1.1.2015	1.072.800.000	59.500.000
Viðbót á árinu 2015	0	65.000.000
Fyrning ársins 2015	(214.560.000)	(37.350.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2015	858.240.000	87.150.000
Fyrningarhlutföll	20%	30%

	Skrifstofuáhöld	Aflaheimildir
Keypt á árinu 2014	25.000.000	2.000.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.2015	(8.750.000)	0
Skattalegt bókfært verð 1.1.2015	16.250.000	2.000.000.000
Viðbót á árinu 2015	75.000.000	0
Selt á árinu 2015	0	(2.000.000.000)
Söluhagnaður	0	500.000.000
Fyrning ársins 2015	(31.937.500)	
Frestun tekjufærslu söluhagnaðar um tvenn áramót .	0	(500.000.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2015	59.312.500	0
Fyrningarhlutföll	35%	

2. Útvegur ehf. átti eftirfarandi eignarhluti í öðrum félögum í ársbyrjun 2016:

Þorskvinnslan ehf.	12.000.000
Síldarsöltun ehf.	8.500.000
Humarfrysting ehf.	3.370.000
	<u>23.870.000</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði.

Á árinu 2016 voru eignarhlutirnir í Humarfrystingu ehf. seldir fyrir 25.000.000 kr. og er söluhagnaðurinn færður meðal vaxtatekna.

Síldarsöltun ehf. var úrskurðað gjaldþrota á árinu og var skiptum lokið fyrir árslok 2016. Ekkert fékkst upp í almennar kröfur. Eignarhluturinn var því gjaldfærður á árinu og er gjaldfærslan færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

3. Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarvirði.

Í skattframtali 2016 vegna ársins 2015 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á birgðir.

4. Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2016	2015
Viðskiptakröfur samkvæmt viðskiptamannabókhalda	375.000.000	270.000.000
Rekstrarlán til Síldarsöltunar ehf.	0	25.000.000
Krafa vegna sölu á aflaheimildum	0	1.000.000.000
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	(25.000.000)	(45.000.000)
Viðskiptakröfur samkvæmt ársreikningi	<u>350.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>

Í skattframtali 2016 vegna ársins 2015 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á viðskiptakröfur.

Eins og fram hefur komið var Síldarsöltun ehf. úrskurðuð gjaldþrota á árinu og var rekstrarlánið að fjárhæð 25.000.000 kr. því gjaldfært að fullu í ársreikningi félagsins, meðal annars rekstrarkostnaðar.

5. Á árinu keypti félagið aflaheimildir að verðmæti 2.222.600.000 kr.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir:

Á árinu 2016 keypti félagið skip fyrir 1.450.000.000 kr.

Félagið keypti einnig áhöld og tæki fyrir 6.000.000 kr. og sundurliðast kaupverð þeirra þannig:

Vélar og áhöld um borð í skipi	2.000.000
Sendibifreið	1.500.000
Skrifstofuáhöld og tölvubúnaður	2.500.000
	6.000.000

Meðal tölvubúnaðar er fartölva sem notuð eru um borð í skipi	195.000
Fjölnotaprentari á skrifstofu	245.000

Helmingur véla og tækja sem keypt voru á árinu 2014 voru seld á árinu fyrir 40.000.000 kr.

7. Gjaldfærðar gjafir til íþróttá- og líknarfélaga nema 34.650.000 kr. og að auki gerði félagið auglýsingasamning við knattspyrnufélagið Verrypoor sem spilar í norðvesturriðli 4 deildar. Samningurinn hljóðaði upp á 10.000.000 kr. og er lógó félagsins innan á hægri ermi á búningi félagsins. Gjaldfærð risna nemur 25.000.000 kr. og telur fjármálastjórinn að um 15% fylgiskjala vegna þessa kostnaðar beri ekki með sér tilefni risunnar eða hverjir nutu.

8. Eftirlaunaskuldbinding félagsins greinist þannig:

Eftirlaunaskuldbinding 1.1.2016	10.000.000
Greitt út á árinu	(2.000.000)
Hækkun skuldbindingar á árinu	5.000.000
	13.000.000

9. Eitt af hlutdeildarfélögum Útvegs ehf. er ósjálfstæður skattaðili, Útvegsspilið slhf. Samkvæmt upplýsingum frá endurskoðanda Útvegsspilsins slhf. þá nam hlutur Útvegs ehf. í skattalegu tapi Útvegsspilsins slhf. 16.700.000 kr. Einnig kom fram í gögnum frá endurskoðandandum að meðal tekna félagsins væri móttækin arður sem væri tekjufærður samtals að fjárhæð 4.000.000 kr.

10. Frestaður gengismunur samkvæmt framtölum fyrri ára var þannig:

	Gengistap	Gengishagnaður
Ársreikningur 2014, skattframtal 2015	35.000.000	
Ársreikningur 2015, skattframtal 2016		14.516.000

Verkefni þitt er að leiða fram tekjuskattsstofn félagsins vegna ársins 2016 með það að markmiði að lágmarka skattgreiðslur þess á árinu 2017.

Svarið í excel-svarskjali:

Verkefni 4 – 50 mín.

Félagið Vélfræði ehf. sem sérhæfir sig í gerð og sölu véla í fiskframleiðslu stofnaði dótturfélag, Machine Ltd, í Bretlandi þann 4. janúar 2016, með hlutafjárframlagi upp á 5.000 £.

Rekstur Machine Ltd gekk ágætlega á árinu 2016, félagið réði öflugan sölumann, keypti húsnæði og kom sér fyrir.

Félagið náði 3 góðum sölum á árinu 2016, þann 1. febrúar var seld vélasamstæða á 150.000 £, 15. september fór önnur vélasamstæða á 80.000 £, og þriðja samstæðan var seld á 150.000 £ þann 31. desember. Salan var því samtals 380.000 £ á árinu 2016.

Kostnaðarverð vélasamstæðanna var 30% af söluverði, samtals 114.000 £. Laun og annar kostnaður nam samtals 95.000 £, og dreifðist sá kostnaður jafnt yfir árið.

Húsnæði var keypt strax í upphafi árs, 4. janúar 2016, á 250.000 £, og tekið lán fyrir allri upphæðinni. Ekki voru greiddar afborganir af láninu en vextir voru greiddir í árslok, 12.500 £. Afskriftir af húsnæðinu voru 2%.

Birgðir í árslok voru keyptar þann 3. október 2016.

Við gerð ársreiknings Vélfræði ehf., sem er gerður skv. alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS), lá fyrir eftirfarandi uppgjör fyrir Machine Ltd í £.

	Fjárhæðir
	í £
Rekstrartekjur	
Sala	380.000
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara.....	114.000
Laun og launatengd gjöld.....	70.000
Sölu- og rekstrarkostnaður.....	25.000
Afskriftir	5.000
	214.000
Fjármagnskostnaður.....	-12.500
Hagnaður fyrir skatta.....	153.500
Skattar 30%.....	-46.050
Hagnaður ársins	107.450

Eignir				
Fasteign.....				245.000
Viðskiptakröfur.....				50.000
Birgðir.....				50.000
Handbært fé.....				72.500
Eignir samtals				417.500
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé.....				5.000
Óráðstafað eigið fé.....				107.450
				112.450
Lántaka.....				250.000
Viðskiptaskuldir.....				9.000
Ógreiddir skattar.....				46.050
				305.050
Eigið fé og skuldir				417.500

A. 15 mín.

Machine Ltd er fyrsta dótturfélag Vélfræði ehf. og stjórnendur félagsins leita til þín sem ráðgjafa í reikningsskilum til að aðstoða um meðferð félagsins í reikningsskilum sínum. Stjórnendurnir eru ekki vissir um það hvernig færa eigi erlenda dótturfélagið inn í reikningsskil Vélfræði ehf.

Verkefni þitt er að upplýsa aðalbókara Vélfræði ehf um það hvaða reglur gilda um færslu á eignarhlut Machine Ltd í reikningsskilin, með tilvísun í viðeigandi lög og reglur.

B. 10 mín.

Stjórnendur félagsins hafa verið upplýstir af aðalbókara félagsins um að mögulega þurfi að útbúa samstæðureikningsskil. Lögfræðingur félagsins hafði bent þeim á að samkvæmt ársreikningalögum þurfi félagið að útbúa samstæðu ef það fer fram úr stærðarmörkum sem tilgreind eru í lögum.

Verkefni þitt er að upplýsa stjórnendur um það hvort félagið þurfi að gera samstæðureikningsskil. Vísið til viðeigandi laga og reglna.

C. 25 mín.

Stjórnendum félagsins finnst óþægilegt að horfa á fjárhæðir uppgjors Machine Ltd í pundum, og vilja sjá íslenskar fjárhæðir til að skilja þær betur og óska eftir aðstoð þinni.

Gengi £ í íslensku krónum var m.a. eftirfarandi:

1/1 2016		191,71
4/1 2016		191,71
1/2 2016		186,06
Meðalgengi ársins		163,8
15/9 2016		151,63
3/10 2016		146,66
31/12 2016		138,91

Verkefni þitt er að þýða ársreikning Machine Ltd í íslenskar krónur í samræmi við reglur reikningskila.

Svarið í excel svarskjál

Verkefni 5 – 60 mín.

Samstarfsfélagi þinn leitar til þín sem sérfræðings í endurskoðun vegna nokkurra álitamála. Hann er að endurskoða stórt félag, Virkjun hf., sem er með skráð hlutabréf og skuldabréf í kauphöll. Samstarfsfélaginn var að lesa yfir nýju ársreikningalögin og var að velta því fyrir sér hvaða áhrif nýleg ákvæði í 66. gr. lið c og d hefðu á endurskoðun sína. Útdráttur úr skýrslu stjórnar fylgir með í fylgiskjali 5. Samstarfsfélagi þinn er einnig að velta fyrir sér hvaða ábyrgð hann hefur gagnvart ársskýrslu félagsins sem verður birt nokkrum dögum eftir birtingu ársreikningsins á vefsíðu Virkjunar. Í ársskýrslunni á að birta meðal annars ársreikninginn ásamt ítarlegri umfjöllun um ýmsa þætti starfseminnar á árinu.

Samstarfsfélaginn biður þig um aðstoð og vill fá skriflegt svar frá þér við nokkrum spurningum.

Úrlausnarefni:

Svaraðu eftirfarandi spurningum samstarfsfélagans:

- A) Í skýrslu stjórnar á að vera yfirlýsing um stjórnarhætti í sérstökum kafla. Er meðfylgjandi yfirlýsing í fylgiskjali 5 nægjanleg? Hvernig á ég að endurskoða þetta?
- B) Í stjórnarháttaryfirlýsingunni á að vera lýsing á helstu þáttum innra eftirlits- og áhættustýringarkerfa félagsins í tengslum við reikningsskilafarlið. Ef ég verð spurður um hvað eigi að koma fram í þessari lýsingu, hverju á ég að svara? Hvað myndum við vilja sjá í þessari lýsingu? Eru til einhverjar almennar kröfur eða leiðbeiningar um ofangreinda þætti sem hægt er að vísa til?
- C) Þarf ég að hafa einhverjar áhyggjur af kaflanum um samfélagslega ábyrgð (ófjárhagslegar upplýsingar), sjá fylgiskjal 5, sem er að finna í skýrslu stjórnar og hefur ekkert með ársreikninginn að gera? Þarf ég að framkvæma einhverjar endurskoðunaraðgerðir, þetta er jú meira hluti af því að fyrirtækið er að reyna skapa sér gott orð og sýna ábyrgð og hefur lítið með reikningsskilin að gera? Hér þarf ég leiðbeiningar!!!
- D) Þarf ég eitthvað að hugsa um ársskýrsluna og þær upplýsingar sem kunna að birtast í henni? Hún birtist nokkrum dögum eftir áritun mína og tengist því ekki áritun minni á reikningsskilin og því varla neitt sem við þurfum að staðfesta.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 6 – 40 mín.

Fyrirhugað er að skipta RR ehf. þannig að ákveðnar eignir flytjist í nýtt félag sem stofnað verður við skiptinguna, RS ehf. Meðfylgjandi eru drög að skiptingarreiðningi RR ehf.

Framkvæmdastjóri RR ehf. hefur óskað eftir því að þú aðstoðir hann við að skipta yfirfæranlegu skattalegu tapi RR ehf. í árslok 2016 milli félaganna eftir skiptingu.

Framkvæmdastjórinn hefur látið í té upplýsingar sem hann telur að séu nauðsynlegar til að skipta tapinu.

Efnahagsreikningur eftir skiptingu					
RR ehf. og RS ehf. þann 1. janúar 2017					
		RR ehf. fyrir skiptingu	Skiptingaræslur	RR ehf. eftir skiptingu	RS ehf. eftir skiptingu
Eignir:					
Fasteignir		1.118.716	(253.875)	864.841	253.875
Aðrir rekstrarfjármunir		785.377	(56.777)	728.600	56.777
Óefnislegar eignir		689.784		689.784	0
Eignarhlutur í félögum		2.267.169	(2.000.000)	267.169	2.000.000
Skatteign		132.747		132.747	0
Birgðir		748.299		748.299	0
Viðskiptakröfur		2.759.643		2.759.643	0
Handbært fé		149.042		149.042	0
Eignir samtals		8.650.777	(2.310.652)	6.340.125	2.310.652
Eigið fé:					
Hlutfé		1.500.000	(500.000)	1.000.000	500.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		1.500.000	(500.000)	1.000.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		375.000	(187.500)	187.500	187.500
Ójafnað eigið fé		(200.000)		(200.000)	0
Eigið fé samtals		3.175.000	(1.187.500)	1.987.500	1.187.500
Skuldir:					
Langtímaskuldir		3.840.763	(1.123.152)	2.717.611	1.123.152
Skuldir við lánastofnanir		214.985		214.985	0
Næsta árs afborgun langtímaskulda		57.656		57.656	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.362.373		1.362.373	0
Skuldir samtals		5.475.777	(1.123.152)	4.352.625	1.123.152
Eigið fé og skuldir samtals		8.650.777	(2.310.652)	6.340.125	2.310.652

Fyrirhuguð skipting er gerð á grundvelli 52. gr. laga nr. 90/2003.

Í greinni kemur m.a. fram: "Sé hluta félagi skipt þannig að öllum eignum og skuldum sé skipt milli hins skipta félags og/eða þeirra félaga sem urðu til við skiptin, og hluthafar í félaginu sem skipt var fái eingöngu hlutabréf í þeim félögum sem eignir og skuldir deildust á við skiptin, skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Eignarhlutir hluthafa í félögum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði."

Bæði félögin eru íslensk félög og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.

Athugasemdir vegna skiptingar:

	RR ehf.	RS ehf.
	Eftir skiptingu	Eftir skiptingu
1. Skattalegt bókfært verð fasteigna félagsins í árslok 2016	795.997	210.330
Fasteignamat fasteigna og lóða í árslok 2016	650.000	180.000
2. Skattalegt bókfært verð annarra rekstrarfjármuna í árslok 2016	525.275	25.871
3. Ófalislegar eignir félagsins greinast þannig:		
Keypt viðskiptavild	120.000	
Viðskiptavild færð upp við samruna félaga	489.784	
4. Kaupverð eignarhluta í öðrum félögum er þannig í árslok 2016	267.169	1.483.985
Nafnverð eignarhluta í öðrum félögum er þannig í árslok 2016	80.000	950.000
5. Viðskiptakröfur eru færðar óbeinni niðurfærslu í ársreikningi félagsins	180.000	
Færð var 5% niðurfærsla viðskiptakrafna í skattframtal félagsins í árslok 2016	146.982	
6. Færð var 5% niðurfærsla birgða í skattframtal félagsins í árslok 2016	37.415	
7. Meðal skulda hjá félaginu í árslok 2016 er færð eftirlaunaskuldbinding	80.000	
8. Yfirferanlegt skattalegt tap RR í árslok 2016 nam samkvæmt skattframtali félagsins 1.010.354		

Verkefni þitt er því að skipta skattalega tapinu milli félaganna í samræmi við skattalög og útskýra helstu atriði sem hafa áhrif á niðurstöðuna fyrir framkvæmdastjóranum

Svarið í excel-svarskjali:

Verkefni 7 – 35 mín.

Þrjú fyrirtæki í ýmiskonar iðnaðar- og hugbúnaðarframleiðslu ákveða að hefja samstarf um framleiðslu á Róbot sem hannar og framleiðir viftur. Í því skyni stofna þau sameignarfélagið Viftu sf., hvert um sig með jafna hlutdeild. Í samstarfssamningi er gert ráð fyrir að ákvarðanir þurfi samþykki allra eigenda. Öll fyrirtækin færa reikningsskil sín samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS).

Hvert þessara þriggja fyrirtækja hefur mismunandi sérfræðipækkingu og ber ábyrgð á mismunandi þáttum í framleiðslunni, hvert á sínu sérviði. Við framleiðsluna nota þau hvert sín aðföng og sérþekkingu. Markaðssetning og sala er unnin í sameiningu en fer fram í gegn um hvert fyrirtæki fyrir sig, samkvæmt samningi.

Samstarfssamningur fyrirtækjanna felur í sér eftirfarandi:

- Vifta sf. sér um samsetningu og dreifingu á Róbotinum.
- Vifta sf. gefur út reikning á viðskiptavini fyrir hönd fyrirtækjanna.
- Úthlutun tekna af sölu Róbotsins verður í hlutfalli við vinnu- og framleiðsluframlag fyrirtækjanna. Í upphafi er áætlað að eitt fyrirtækið fái 40% teknanna og hin tvö 30% hvort fyrir sig. Hlutfallið verður reiknað út í árslok fyrir tekjur ársins og þarfnast samþykkis allra.
- Öllum sameiginlegum rekstrarkostnaði sem Vifta sf. stofnar til er deilt á fyrirtækin í hlutfalli við úthlutun tekna; Vifta sf. mun endurrukka kostnaðinn án framlegðar.
- Ábyrgð á skuldum skiptist jafnt á eigendur.

Fyrirtækin gera ráð fyrir að Vifta sf. sé hlutdeildarfélag þar sem hvert þeirra á 1/3 stofnfjár og munu nota hlutdeildaraðferðina á eignahlutinn og afkomu Viftu í reikningsskilum sínum. En til að vera viss þá leita þau til þín sem sérfræðings í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS) til fá staðfestingu á að um rétta meðferð sé að ræða.

Verkefni þitt er að skilgreina þetta samstarf fyrirtækjanna og gera grein fyrir því hvernig ætti að færa það í reikningskil þeirra.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 8 – 60 mín.

Fyrirtækið Ljóslið ehf. kemur til þín með drög að ársreikningi fyrir árið 2016 sem aðal bótkari félagsins hafði samið Þá fylgja aðrar upplýsingar í fylgiskjali 8. Aðal bótkarinn var í vandræðum með að reikna út tekjuskattsskuldbindingu félagsins 31. desember 2016 og biður þig um aðstoð við að reikna hana út.

1. Tekjuskattsskuldbinding félagsins í árslok 2015 greindist með eftirfarandi hætti:

	Skattalög 31/12 2015	Ársreikningur 31/12 2015	Skattskytt / (frádr. bætt) í framtíðinni	Skatt- hlutfall	Eign / (skuld)
Varanlegir rekstrarfjármunir	67.501.732	116.700.949	49.199.217	20%	(9.839.843)
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna		14.760.000	14.760.000	20%	(2.952.000)
Veltufjáreignir, skuldabréf	2.430.000	3.037.500	607.500	20%	(121.500)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(4.569.482)	(10.692.000)	(6.122.518)	20%	1.224.504
Niðurfærsla birgða	(3.373.946)	0	3.373.946	20%	(674.789)
Frestun gengismunar	(764.881)	0	764.881	20%	(152.976)
Eftirlaunaskuldbinding		(6.682.500)	(6.682.500)	20%	1.336.500
Yfirferanlegt tap	58.168.327		(58.168.327)	20%	11.633.665
(Tekjuskattsskuldbinding) / -inneign 31 12 2015					453.561

2. Eftirfarandi er fengið úr fyrningaskýrslu sem fylgir skattframtali félagsins:

Staða 1/1 2016	67.501.732			
Keyptar eignir	46.664.264			
Seldar eignir	(10.000.000)	(söluverð 15.000.000, söluhagnaður 5.000.000)		
Afskriftir	(20.000.000)			
Staða 31/12 2016	84.165.996			

- Viðskiptavild félagsins varð til þegar félagið keypti Vetrarsól ehf. fyrir 8 árum. Félagið áætlað að afskrifa viðskiptavildina á 10 árum og er síðasta árið 2017.
- Reikningshaldslegar niðurfærslur eru færðar á viðskiptakröfum, sjá skýringu 6 í drögum að ársreikningi. Félagið hefur nýtt sér 5% regluna varðandi niðurfærslu í skattframtali
- Birgðir eru færðar niður um 15.000.000 í reikningsskilum í árslok 2016 vegna hægrar sölu á hluta þeirra. Engin niðurfærsla var í árslok 2015. Félagið hefur nýtt sér 5% regluna varðandi niðurfærslu í skattframtali
- Greiðslur vegna eftirlaunaskuldbindingar á árinu námu kr. 303.750, sjá skýringu 9 í drögum að ársreikningi.
- Gengistap ársins 2014 var kr. 4.598.888 og gengishagnaður ársins 2015 var kr. 3.446.765. Gengismuninum hefur verið dreift á 3 ár, sjá skattsskuldbindingu í ársbyrjun.
- Arðstekjur af hlutabréfum í eigu félagsins námu kr. 5.000.000 á árinu
- Reiknuð hlunnindi á stjórnendum voru kr. 2.500.000 á árinu og kostnaður vegna afnota af bifreiðum félagsins var 3.100.000 sem er gjaldfærður í rekstri félagsins.

10. Yfirfæranlegt tap í upphafi árs var 58.168.327.

11. Í lok síðasta árs var fasteign í eigu félagsins metin í markaðsverð og var endurmatið fært að teknu tilliti til skattaáhrifa í reikningsskil félagsins. Endurmatið er afskrifað á 50 árum og er fyrsta afskriftin núna 2016.

12. Félagið keypti skuldabréf á árinu fyrir kr. 2.740.000 og var yfirverð þeirra bréfa umfram nafnverð kr. 740.000. Bréfið er til 10 ára og hafa afföll ársins kr. 146.572, reiknuð með aðferð virkra vaxta, og afborgun kr. 200.000 verið færð. Bókfærð staða í árslok er því 2.393.428.

13. Hreyfing hlutabréfa, færð á gangvirði, var á árinu þannig:

Staða 1/1		34.020.000
Seld bréf		(25.622.500)
Gangvirðisbreyting		(500.000)
Staða 31/12		7.897.500

Hagnaður af sölu hlutabréfanna var 1.500.000 kr. fært á meðal fjármagnstekna.

Verkefni þitt er að reikna út tekjuskattsskuldbindingu félagsins í árslok 2016, út frá upplýsingum í meðfylgjandi drögum að ársreikningi Ljóslits ehf og upplýsingum hér að ofan. Sýndu hvernig tekjuskattsskuldbindingin skiptist á einstaka liði.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 9 – 60 mín.

Þú hefur nýverið tekið við stjórnarformennsku í endurskoðunarfyrtækinu GlobalAudit. GlobalAudit barst nýverið bréf frá Félagi löggiltra endurskoðenda þar sem minnt er á skyldur endurskoðenda að fylgja fyrirmælum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverkja nr. 64/2006. Í bréfinu var jafnframt minnt á tilkynningarskyldu endurskoðenda og GlobalAudit hvatt til þess að tilnefna sérstakan ábyrgðarmann í samræmi við 22. gr. áðurnefndra laga.

Í kjölfar þessa bréfs var þér falið að tilnefna sérstakan ábyrgðarmann í samræmi við ákvæði laga nr. 64/2006 og gera starfslýsingu fyrir hann.

Úrlausnarefni:

Gerðu drög að starfslýsingu fyrir ábyrgðarmann í samræmi við 22. gr. laga nr. 64/2006.

Í drögunum þarf eftirfarandi að koma fram:

- Hvaða kröfur eru gerðar til endurskoðenda varðandi aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnum hryðjuverka og hvernig brot á lögnum gætu snert störf endurskoðenda.
- Hvaða aðgerðir og eftirlitsþættir (innri reglur) þurfa að vera til staðar hjá GlobalAudit til að uppfylla ákvæði ofangreindra laga og reglna.
- Hvernig ætti ábyrgðarmaðurinn að vakta fylgni við lög.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali